

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 248/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) **og**

Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal

(Örn Clausen hrl.)

Skjalafals. Skuldabréf. Upptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1997. Af hálfu ákærvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar, að því er ákærða Jóhann Halldór varðar, en jafnframt, að því er bæði ákærðu varðar, er krafist upptöku þeirra sjö veðskuldabréfa, sem í ákæru getur.

Af hálfu ákærða, Jóhanns Halldórs, er aðallega krafist frávísunar ákæru frá héraðsdómi, en til vara, að dómurinn verði staðfestur.

Af hálfu ákærðu, Jóhönnu Lucindu, er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ekki eru efni til að vísa ákæru málsins frá héraðsdómi.

Málavöxtum er lýst í ákæruskjali, sem tekið er orðrétt upp í héraðsdóm. Þar kemur fram, að ákærði, Jóhann Halldór, hafi fengið þau sjö veðskuldabréf, sem fjallað er um í málinu, frá ákærðu, Jóhönnu Lucindu, 12. september 1983. Bréfin voru gefin út á hennar nafn 4. ágúst sama ár, og var á bakhlið þeirra gert ráð fyrir því, að þau mætti framselja á nafn. Ákærða mun hafa ritað nafn sitt sem framseljandi, en ákærði síðar útfyllt framsalið með dagsetningu og á sitt nafn. Þau voru um það sammála fyrir dómi, að framsalið hefði verið til eignar. Ákærði framvísaði bréfunum til innheimtu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í janúar 1984 með þessum þannig rituðum framsölum að eigin sögn. Verður á því að byggja, eins og málið liggur fyrir. Var þar greitt einu sinni af bréfunum. Bréf þessi áttu rót sína að rekja til kaupsamnings, sem rift var með bréfi til

ákærðu, Jóhönnu Lucindu, 29. júní 1984. Var þá krafist afhendingar þessara bréfa ásamt fleiri veðskuldabréfum, sem stöfuðu frá þessum kaupsamningi. Með dómi Hæstaréttar 3. mars 1987 var riftun staðfest með vísun til 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, þar sem vanefndir ákærðu voru taldar verulegar. Jafnframt var 53. gr. sömu laga talin eiga við um viðskiptin. Hins vegar varð bréfunum ekki skilað, þar sem þau höfðu þá þegar verið seld.

Nafngreindur lögmaður hafði með bréfi 9. janúar 1984 óskað eftir því við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi opinber rannsókn á viðskiptum ákærðu, Jóhönnu Lucindu, varðandi þessi kaup, sem síðar var rift. Í bréfi ríkissaksóknara 18. apríl 1989 til umboðsmanns Alþingis kemur fram, að lögreglurannsókn, sem fram fór af þessu tilefni, hafi ekki þótt líkleg til sakfellingar og þar með útgáfu ákæru. Það hafi hins vegar dregist að fella kærana formlega niður, vegna þess að málið hafi tengst lögreglurannsókn á síðari meðferð ákærðu, Jóhönnu Lucindu, á hluta þeirra skuldabréfa, sem hún fékk með kaupunum. Ákæra var síðan gefin út í máli þessu 7. september 1993 á hendur báðum ákærðu. Héraðsdómur gekk 11. nóvember 1993, en með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994 var hann ómerktur og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar.

Forsendur heimvísunarinnar voru meðal annars þær, að við rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi hefði skort mjög athugun á því, hvernig viðskiptum hinna ákærðu hefði í raun verið háttað og með hvaða hætti og skilmálum ákærði, Jóhann Halldór, hefði fengið skuldabréfin. Í kjölfar þessa ómerkingardóms fór fram frekari rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá er haft eftir ákærðu, Jóhönnu Lucindu, að ákærði, Jóhann Halldór, hafi aldrei leitað heimildar hennar til „breytinga á framsölunum“. Hún telji, að hann hafi ekki þurft þess, það hafi verið hennar skilningur. Við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. maí 1997 lýsti hún yfir því, að hún hefði aldrei gefið ákærða „leyfi fyrir þeim áritunum í sín framsöl, sem bréfin báru,“ enda hafi það aldrei borið á góma. Líta verður á þessa yfirlýsingu í samhengi við það, sem bókað er eftir henni hjá rannsóknarlögreglu og staðfest var fyrir dómi. Verður að fallast á það með héraðsdómi, að ekkert nýtt hafi komið fram við þessa frekari meðferð málsins, sem einhverju skipti.

Þegar lítið er til þess, sem að framan greinir um gerð veðskulda-

bréfanna og hvernig staðið var að framsali bréfanna milli ákærðu, er ósannað, að ákærði, Jóhann Halldór, hafi ekki haft heimild til að útfylla framsalið, svo sem hann gerði. Verður, eins og atvikum er háttað, ekki litið svo á, að verknaður hans falli undir 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að fallast á það með héraðsdómara, að bréfin hafi ekki veitt ákærða, Jóhanni Halldóri, meiri rétt en skuldari þeirra veitti ákærðu, Jóhönnu Lucindu, við útgáfu þeirra. Ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu ákærða, Jóhanns Halldórs, af ákæru um skjalafals.

Með úrskurði sakadóms Ólafsvíkur 30. apríl 1986 hafði Rannsóknarlögreglu ríkisins verið heimilað að leggja hald á umrædd sjö veðskuldabréf í þágu rannsóknar á viðskiptum ákærðu, Jóhönnu Lucindu, og ætlaðrar þátttöku ákærða, Jóhanns Halldórs, í þeim. Hæstiréttur staðfesti þennan úrskurð með dómi 16. júní 1986. Ákærvaldið krefst þess, að bréf þessi verði gerð upptæk með dómi. Ósannað er, að ákærði, Jóhann Halldór, hafi átt nokkurn þátt í þeim kaupum ákærðu, Jóhönnu Lucindu, sem rift var með dómi Hæstaréttar 3. mars 1987. Opinbert mál hefur ekki verið höfðað vegna þessara viðskipta hennar. Samkvæmt framangreindri niðurstöðu um sýknu ákærða, Jóhanns Halldórs, af ákæru um skjalafals og að öðru leyti með vísun til atvika málsins eru ekki efni til að kveða á um upptöku veðskuldabréfanna.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms varðandi rekstur málsins og um sakarkostnað.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærðu, Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júní 1997.

Ár 1997, mánudag 2. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 459/1993: Ákærvaldið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, sem tekið var til dóms 14. maí sl.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september 1993, á hendur ákærðu, Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni, Álfheimum 25 í Reykjavík, kennitala 310836-3389, og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, áður að Háteigsvegi 19, nú að Þverási 4 í Reykjavík, kennitala 260836-7499.

Málið var dæmt í dómnum 11. nóvember 1993, en með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994 var dómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar.

Verður nú gerð orðrétt grein fyrir efni ákæruskjals:

„Málið er höfðað gegn ákærða, Jóhanni Halldóri, til refsingar fyrir skjalafals, en jafnframt báðum ákærðu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1991 til upptöku á sjö veðskuldabréfum, sem lýst verður og fylgja máli þessu.

Með kaupsamningi, dagsettum 29. júlí 1983, seldi ákærða, Jóhanna Lucinda, Kristjönu Guðmundsdóttur, Ásbúð 52, Garðabæ, heildverslun sína ásamt vörubirgðum, tækjum og umboðum. Kaupverðið, 3.500.000 kr., greiddi Kristjana með sjötíu 50 þúsund króna fasteignartryggðum veðskuldabréfum, sem hún gaf út 4. ágúst 1983. Fimmtíu þessara veðskuldabréfa voru til tíu ára, bundin lánskjaravísitölu miðað við upphaf vaxtatímabils, 1. ágúst 1983 (grunnvísitölu 727). Um þau giltu því ákvæði 1. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979. Tuttugu þeirra voru tryggð með 5. og 6. veðrétti í fasteigninni Vallholti 17 í Ólafsvík, eign bróður Kristjönu. Meðal þeirra veðskuldabréfa eru þau sjö veðskuldabréf, sem sérstaklega er fjallað um í máli þessu. Þeim var þinglýst með veðleyfi Jóns Guðmundssonar og þau færð í þinglýsingabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 8. ágúst 1983 sem skjöl nr. 1122-1126 og 1130-1131/1983 og þá með ódagsettum eyðuframsölum Jóhönnu Heiðdal.

Með bréfi til ákærðu, Jóhönnu Lucindu, dagsettu 29. júní 1984, var kaupum rift, hinu selda skilað og krafist afhendingar og/eða skila á þeim veðskuldabréfum, sem út höfðu verið gefin í sambandi við kaupin. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 3. mars 1987, var staðfest riftun eftir 42. gr., 1. mgr., laga nr. 39/1922, þar sem „vanefndir (seljanda) voru svo verulegar“, ... og „53. gr. (sömu laga) þótti eiga við um skipti aðila“.

Ákærði, Jóhann Halldór, sem var kunnugur meðákærðu, Jóhönnu Lucindu, og vissi eða mátti vita um tilurð og tilkomu veðskuldabréfanna, fékk 28 þeirra „afhent til sölu“ frá meðákærðu, Jóhönnu Lucindu, samkvæmt móttökukvittun, dagsettri 12. september 1983. Ákærði „afhenti“ ellifu þeirra Árna Björgvínssyni samkvæmt skriflegri viðurkenningu, dagsettri 18. s. m., en hélt sautján veðskuldabréfum eftir gegn greiðslukvittun meðákærðu, dagsettri sama dag, þ. á m. þeim sjö veðskuldabréfum, sem til umfjöllunar eru í þessu máli. Öll gögn um viðskipti sín við meðákærðu kveðst ákærði hafa afhent Hilmari Ingimundarsyni hrl.

Með úrskurði sakadóms Ólafsvíkur 1. mars 1986 var Rannsóknarlögreglu ríkisins heimilað að leggja hald á umrædd sjö veðskuldabréf, sem höfðu verið lögð fram í uppbóðsrétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og með dómi Hæstaréttar 16. júní 1986 var sá úrskurður staðfestur.

Verknaðarlýsing brots ákærða, Jóhanns Halldórs.

Ákærða, Jóhanni Halldóri, er gefið að sök að hafa falsað á þau sjö veðskuldabréf, sem að framan er lýst, framsalsáritanir sér til handa með því að breyta ódagsettum eyðuframtölum meðákærðu, Jóhönnu Lucindu, í framsöl til sjálfs sín með tilgreindu nafnnúmeri sínu og heimilisfangi og dagsetningum 1. október 1983. Á fjögur veðskuldabréfanna áritaði ákærði til viðbótar framsalsáritanir, dagsettar 1. janúar 1984, á eigið firmanafn sitt, „Kaupstofan“, með heimilisfangi að Sólheimum 25, sem að eigin sögn ákærða var þá ekki starfrækt. Veðskuldabréfunum sjö framvísaði ákærði með ofangreindum framsölum í janúar 1984 til innheimtu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og tók þá við 1. afborgun af þeim ásamt áföllnum vöxtum. Hinn 27. apríl 1984 tók ákærði veðskuldabréfin úr innheimtu sparisjóðsins og afhenti þau 23. nóvember 1984 Hilmari Ingimundarsyni hrl., sem á grundvelli innheimtuumboðs frá ákærða og fyrrgreindra framsala hófst handa um innheimtu þeirra og krafðist þá efnda á skuldbindingum samkvæmt þeim, svo sem þau væru nafnbref.

Brot ákærða, Jóhanns Halldórs, teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gegn báðum ákærðu til upptöku sjö veðskuldabréfa.

Þá er málið höfðað gegn báðum ákærðu til upptöku þeirra sjö veðskuldabréfa, sem að framan er lýst, á grundvelli riftunar á kaupum þeim, sem Kristjana Guðmundsdóttir gerði við ákærðu, Jóhönnu Lucindu, 29. júlí 1983, og dóms Hæstaréttar frá 3. mars 1987, og ákærði, Jóhann Halldór, enn fremur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, en ákærða, Jóhanna Lucinda, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, enda verði með engu móti viðurkennt, að ákærði, Jóhann Halldór, hafi með framanlýstum

viðskiptum sínum við ákærðu, Jóhönnu Lucindu, eða á grundvelli hinna fölsuðu formlegu framsala sinna á veðskuldabréfunum sér til handa öðlast annan eða meiri rétt til veðskuldabréfanna eða verðmætis þeirra en ákærða, Jóhanna Lucinda.“

Forsendur frávísunarinnar voru þær samkvæmt dómi Hæstaréttar, að í rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi hefði skort mjög athugun á því, hvernig viðskiptum hinna tveggja ákærðu hefði í raun verið háttað og með hvaða hætti og skilmálum ákærði hefði fengið skuldabréfin frá ákærðu. Það væri þannig með öllu óljóst, til hvers ákærða ætlaðist með framsali á bréfunum og hvort ákærði hefði haft heimild hennar til þess að árita skuldabréfin með nafni sínu. Þá hefði ekki verið reynt með markvissum hætti að varpa ljósi á það, hvaða hagsmunum hafi verið raskað með áritun ákærða á bréfin. Við svo búið væri eigi unnt að leggja efnisdóm á málið sem refsímál og því óhjákvæmilegt að ómerkja dóminn og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar.

Málavöxtum er að mati dómsins skilmerkilega lýst í ákæru, og hefur ákærði staðfest, að hann hafi gert það, sem honum er gefið að sök, en segir það ekki lögbrot. Pykir því ekki ástæða til þess að rekja málavexti sérstaklega umfram það, sem fram kemur í ákæru. Þó ber að leiðrétta, að úrskurður sakadóms Ólafsvíkur um heimild til að leggja hald á umrædd skuldabréf var kveðinn upp 30. apríl 1986, en ekki 1. mars þ. á., eins og fram kemur í ákæru.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við fyrri meðferð málsins fyrir dómnum.

Ákærði kveðst saklaus af því að hafa framið lögbrot með því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og vill ekki þola upptöku á umræddum veðskuldabréfum.

Ákærði kannast við að hafa tekið við frá ákærðu veðskuldabréfunum 28, en bréfunum veitti ákærði viðtöku í nafni einkafyrirtækis síns, Kaupstofunnar, og voru þau afhent honum, eins og í ákæru greinir. Ákærði afhenti ellefu bréfanna Árna Björgvinsyni, en hélt sautján eftir gegn greiðslukvittun ákærðu, þ. á m. þeim sjö bréfum, sem honum er gefið að sök að hafa sett í innheimtu, eftir að hafa falsað þau, eins og nánar er lýst í ákæru.

Ákærði kannast við að hafa ritað á bréfin sjö framsalsáritanir sér til handa og þá um leið nafnúmer sitt, heimilisfang og dagsetninguna 1. október 1983. Á fjögur veðskuldabréfanna ritaði ákærði til viðbótar dags. 1. janúar 1984 til Kaupstofunnar með heimilisfangi að Sólheimum 25, en fyrirtækið hafði þá ekki hafið starfsemi, en til stóð, að svo yrði. Ákærði framvísaði síðan bréfunum sjö í janúar 1984 til innheimtu í Sparisjóði Reykjavíkur

og nágreinnis og tók þá við fyrstu afborgunum af þeim. Í apríl 1984 tók ákærði bréfin frá sparisjóðnum og lét þau í hendur Hilmarí Ingimundarsyni lögmanni til innheimtu í nóvember 1984, en þá hafði orðið greiðslufall á bréfunum, sem höfðu haft gjalddaga í júlí 1984. Ákærði telur þessar ráðstafanir sínar á bréfunum og áritanir á þau fullkomlega löglegar, og hafi hann ekkert saknæmt aðhafst með þessum gjörðum sínum. Hann kveðst sjálfur hafa gert tilraun til þess í júlí 1984 að innheimta afborganir og vexti af bréfunum sjö.

Ákærði segir, að hann hafi árið 1984 búið að Sólheimum 25 hér í borg, þar sem hann hafi átt íbúð og búið í henni allt fram til ársins 1990. Af þessum sökum hafi Kaupstofan verið skráð þar með aðsetur, en stjúpdóttir sín hafi búið í íbúðinni um tíma árið 1986. Ákærði segir öll gögn vegna Kaupstofunnar hafa verið geymd í kjallarageymslu að Sólheimum 25, og því hafi þetta heimilisfang verið talið aðsetur hennar.

Ákærði segir, að hann hafi allan tímann frá 1980 og fram til þessa dags getið um Kaupstofuna á skattframtölum sínum og að hún hafi aldrei haft neinn rekstur. Voru veðskuldabréfin öll talin fram til eignar á skattframtölum ákærða, eftir að hann eignaðist þau.

Ákærði segir um tengsl sín við ákærðu og fyrirtæki hennar, áður en hann fékk bréfin, að hann hafi aðstoðað hana í litlum mæli að leysa vörur úr tolli. Hann segist hafa afhent Árna Björgvinnssyni hluta bréfanna, þar sem Árni hafi verið að hjálpa ákærðu á þessum tíma og verið umboðsmaður hennar.

Ákærða lýsir yfir því við þingfestingu málsins, að hún telji, að mál þetta komi sér ekkert við, og þegar af þeirri ástæðu vill hún ekki fallast á kröfugerð ákærvaldsins í málinu.

Ákærða staðfestir, að hún hafi með kaupsamningi, dags. 29. júlí 1983, selt Kristjönu Guðmundsdóttur heildverslun sína ásamt vörubirgðum, tækjum og umboðum fyrir 3.500.000 krónur, sem hún greiddi með sjötíu 50.000 króna fasteignartrygðum veðskuldabréfum, sem hún gaf út 4. ágúst 1983. Fimmtíu þessara bréfa voru til tíu ára, bundin lánskjaravísitölu miðað við upphaf vaxtatímabils, sem var 1. ágúst 1983. Tuttugu bréfanna voru tryggð með 5. og 6. veðrétti í fasteigninni Vallholti 17 í Ólafsvík, þ. á m. þau bréf, sem fjallað er sérstaklega um í máli þessu. Ákærða efast um, að bréfin hafi verið með ódagsettum eyðuframsölum sínum, þegar þau voru látin í þinglýsingu.

Ákærða segir, að með bréfi til sín hafi kaupunum verið rift, og efast ákærða ekki um, að það bréf hafi verið dagsett 29. júní 1984, en þá var ákærða í Bandaríkjunum. Við riftunina var hinu selda ekki skilað, þar sem búið var að selja það að mestu og umboð höfðu tapast, sem seld höfðu verið.

Ákærða staðfestir, að hún hafi afhent ákærða 28 veðskuldabréfanna til sölu, og hafi þetta farið fram samkvæmt ádurgreindri kvittun. Ákærði mun hafa afhent ellefu bréfanna Árna Björgvinsyni samkvæmt skriflegri viðurkenningu, dags. 18. s. m., en sautján bréfanna hélt hann eftir gegn greiðslukvittun ákærðu, dags. s. d., þ. á m. þeim sjö bréfum, sem um er fjallað í máli þessu.

Ákærða segir, að ákærði hafi, áður en hún seldi fyrirtæki sitt, átt viðskipti við sig, og tók hann að sér að leysa úr tolli vörur, sem ákærða var að flytja inn, en með þessum viðskiptum hafi hún stofnað til skuldar við hann, sem hún man ekki nú, hver var, þegar hún hætti með fyrirtækið.

Ákærða kveðst hafa átt viðskiptin við ákærða á skrifstofu hans við Hverfisgötu hér í borg, en fyrirtæki ákærða hét Kaupstofan. Ákærðu áttu engin önnur viðskipti en þessi á skrifstofu ákærða og með aðstoð fyrirtækis hans.

Ákærða man ekki til þess, að ákærði væri með innheimtutilraunir vegna skuldar hennar, áður en hann fékk bréfin. Hún segir, að ákærði hafi engan þátt átt í sölu fyrirtækis hennar, en mögulegt sé, að hann hafi vitað, að hún stóð til.

Ákærða hefur staðfest nafnritun sína á ljósriti kvittunar, sem dagsett er 18. sept. 1983, þess efnis, að Kaupstofan hafi greitt henni vegna sölu á sautján skuldabréfum, sem „hann“ hafi haft til sölu, 670.500 krónur, og hafi greiðslan farið fram með peningum og tveimur víxlum, að fjárhæð samtals 245.000 krónur. Ákærða telur, að með þeirri fjárhæð, sem er á kvittuninni, hafi hún verið að gera upp að fullu viðskipti sín við ákærða, sem hafi fyllt út kvittunina, en ekki man hún, hvort hann gerði það, áður eða um leið og ákærða kom á hans fund til uppgjörins, en a. m. k. hafi meginmálið verið á kvittuninni, þegar ákærða ritaði nafn sitt á hana.

Ákærða hefur staðfest nafnritun sína sem framseljanda á öllum bréfunum sjö og kannast ekki við, að textinn fyrir ofan nafn sitt hafi verið á bréfunum, þegar hún ritaði nafn sitt á þau. Það sé hið eina, sem hún ritaði á bakhlið bréfanna, og hafi hún ritað nafn sitt á þau í sama skipti og hún fékk kvittunina vegna uppgjörins við ákærða. Hitt geti ekki verið, að ákærða hafi verið gerð grein fyrir því fyrir fram, að skuldabréf úr sölu fyrirtækisins yrðu notuð til að gera upp við hann.

Vitnið Kristjana Guðmundsdóttir, Suðurhólum 28 í Reykjavík, staðfestir, að viðskiptum sínum og ákærðu sé rétt lýst í inngangskafla ákæru og einnig því, sem þar er lýst um riftun kaupanna. Vitnið veit, að nafn ákærða bar á góma, þegar vitnið var að kaupa fyrirtækið af ákærðu, en ekki getur vitnið borið, hvers vegna um það var rætt, en það var í samtali eiginmanns vitnisins og ákærðu.

Vitnið kveðst hafa fengið að sjá þau tuttugu bréf, sem tryggð voru með veði í Vallholti 17, eftir að búið var að greiða af þeim fyrstu afborgun. Þegar vitnið sá bréfin fyrst, var ekkert nafn aftan á þeim, eftir því sem vitnið best man, en í annað skiptið, sem vitnið sá bréfin, var nafn ákærða komið aftan á þau. Vitnið hefur aðeins séð bréfin í þessi tvö skipti, í fyrra skiptið í frumriti, en hið síðara í ljósriti. Ekki var borgað af bréfunum í júlí, en kaupunum var rift í júní, og hefur ekkert verið borgað af bréfunum síðan.

Vitnið man ekki mjög vel eftir því, hver það var, sem rukkaði vitnið vegna bréfanna 20. júlí 1984, og ekki man vitnið, hvenær það fékk fyrst innheimtubréf frá Hilmari Ingimundarsyni, en man að hafa fengið innheimtubréf frá honum vegna bréfanna. Þá man vitnið eftir að hafa fengið innheimtubréf vegna bréfanna frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Iðndarbankanum, en ekki man vitnið, hvenær þessi bréf bárust og hvort eitthvert þeirra barst í júlí 1984.

Vitnið segir, að eitt sinn, þegar það var ekki heima, hafi eiginmaður þess svarað símtali sumarið 1984 eða árið 1985. Var símtalið frá Kaupstofunni og í símanum maður, sem kynnti sig sem Jón Guðmundsson, starfsmann Kaupstofunnar. Var erindi mannsins að spyrja, hvort vitnið vildi gera tilboð í bréfin, sem væru í eigu Jóhanns Þorgeirssonar. Vitnið kveðst ekki hafa gert tilboð í bréfin og veit ekki til þess, að eiginmaður þess hafi gert það heldur.

Vitnið Sigurður Reynisson, Suðurhólum 28 í Reykjavík, getur ekki upplýst, hvar bréfin tuttugu með veði í Vallholtinu voru vistuð, þegar greiða skyldi af þeim í júlí 1984.

Vitnið staðfestir framburð eiginkonu sinnar um símtal við Jón Guðmundsson, sem sagði vitninu, að Jóhann Þorgeirsson, sem ætti bréfin, væri afskaplega sanngjarn maður og auðvelt að semja við hann um þau. Vitnið svaraði þessu tilboði á þann veg, að engir peningar væru til, svo að það gæti ekki gert tilboð í bréfin. Ekki kom fram í símtalinu, í hversu mörg bréf ætti að gera tilboð.

Vitnið Jón Guðmundsson, Vallholti 17 í Ólafsvík, kveðst hafa fengið innheimtubréf einu sinni eða tvisvar frá Hilmari Ingimundarsyni vegna bréfanna tuttugu, og var þetta fljótlega eftir útgáfu þeirra. Eftir það hefur vitnið ekki haft bein afskipti af málinu við eiganda bréfanna né umboðsmann hans.

Vitnið Árni Björgvinsson, Ægisgötu 42 í Vogum á Vatnsleysuströnd, kannast við að hafa tekið við þeim ellefu veðskuldabréfum, að fjárhæð samtals 550.000 krónur, sem áður er um getið. Vitnið telur mögulegt, að það hafi tekið við bréfunum á þeirri dagsetningu eða nálægt henni, sem

fram kemur á kvittuninni, en það er í vafa um, að það hafi sjálft ritað nafn sitt undir kvittunina.

Vitnið man ekki, hvernig það bar að, að bréfin lentu í vörslum þess, hvort ákærða, Jóhanna Lucinda, afhenti vitninu þau eða það fékk þau frá ákærða. Það kveðst hins vegar hafa verið búið að lána ákærðu peninga og hafa átt að fá bréfin til þess að fá til baka fjármuni sína.

Vitnið Magnús Þórðarson, Grundargötu 26 í Grundarfirði, segir, að gengið hafi verið frá kaupsamningi um sölu á fyrirtæki ákærðu á skrifstofu sinni í Bolholti 6 í Reykjavík og hafi það samið samninginn í samræmi við óskir beggja aðila að beiðni ákærðu. Það kannast við nafnritun sína sem vottur að samningsgerðinni.

Vitnið Björg Kjartansdóttir, Álakvísl 63 í Reykjavík, kannast við nafnritun sína á kaupsamninginn sem vottur, en ekki þorir vitnið að fullyrða, að það hafi verið viðstatt, þegar undirritun samningsins fór fram, en telur það líklegt.

Vitnið Guðmundur Guðjónsson, Ástúni 8 í Kópavogi, og Sigurbjörg Óskarsdóttir, Álflheimum 26 í Reykjavík, staðfesta, að þau hafi ritað nafn sitt sem vottar á öll bréfin sjö, en vitnin voru á þessum tíma starfsmenn skrifstofu fasteignasölu Fjárfestingarfélagssins hf.

Vitnið Hilmar Ingimundarson hrl., Bakkaflöt 11 í Garðabæ, telur sig fyrst hafa haft afskipti af bréfunum sjö 23. nóvember 1984, þegar rituð er kvittun um móttöku vitnisins á bréfunum. Leitaði ákærði ekki til vitnisins fyrr en í nóvember vegna innheimtu bréfanna.

Vitnið kveðst ekkert hafa séð athugasemdir við framsölin á bréfunum, þegar það sá þau fyrst, og ekki heldur síðan. Það segir, að einu gögnin, sem það hafi fengið í hendur vegna bréfanna, hafi verið uppgjör frá sparisjóðnum vegna fyrstu greiðslunnar og kvittun frá ákærðu, þar sem hún tók við greiðslu úr hendi ákærða vegna bréfanna sautján.

Eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar sendi ákærvaldið málið Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dagsettu 12. október 1994, og beiðni um frekari og fyllri rannsókn. Hjá rannsóknarlögreglu voru teknar skýrslur af ákærða 13. október 1995 og 10. apríl 1996 og af ákærðu 10. apríl 1996. Þann dag var eitt vitnið yfirheyrt. Ekkert kom fram við þessa rannsókn, sem að mati dómsins skiptir máli við úrlausn málsins. Ákærði heldur fast við fyrri framburð um viðskipti þeirra ákærðu, og kannast ekki við, að ákærða hafi þegið fjárhagslega aðstoð og lán hjá sér, en hún heldur því fram, að með bréfunum hafi hún verið að gera upp okurlán við ákærða. Stendur þar staðhæfing gegn staðhæfingu, og er því ósannað, að um slíkt hafi verið að ræða. Ákærði heldur því fram, að ákærða hafi við uppgjör þeirra, þegar hann

fékk bréfin, greitt henni 450.000 krónur í peningum, en hún segist hafa fengið 38.500 krónur. Ekki eru aðrir til frásagnar um þetta en ákærðu.

Málið var afhent dómáranum að nýju 28. ágúst sl. og meðferð þess hafin 18. október sl. Málið satti þó ekki framhaldi aðalmeðferðar fyrr en 14. maí sl. vegna fjarveru ákærðu erlendis.

Ákærðu hafa engu að bæta við fyrri framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og vísa í hann. Ákærða segir þó, að hún hafi aldrei gefið ákærða leyfi fyrir þeim áritunum í sín framsöl, sem bréfin báru, enda slíkt aldrei borið á góma. Af hans hálfu er fram komið, að hann hafi sett dagsetningu, nafn sitt, nafnúmer og heimilisfang á bréfin, áður en hann setti þau í innheimtu hjá Sparisjóði Reykjavíkur í upphafi árs 1984, og vissi ákærði ekki annað en slíkt væri skylda.

Efni veðskuldabréfa þeirra, sem mál þetta fjallar um, er skuldaviðurkenning útgefanda þeirra til ákærðu. Bréf þessi voru nafnbréf í upphafi og urðu það áfram eftir áritanir ákærða, þótt áður kæmu til ódagsett eyðuframsöl ákærðu. Var því engum fyrri hagsmunum raskað með nafnritun ákærða á bréfin.

Til úrlausnar í málinu er, hvort sú háttsemi ákærða að fylla út í eyðuframsöl ákærðu sé skjalafals, en samkvæmt hegningarlögum telst skjalafals að nota falsa skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Ljóst er, að nafnritun ákærða er ófölsuð, og ekki er leitt í ljós, að það, sem ákærði ritaði á skuldabréfin, sé liður í því að falsa og blekkja. Hvorki var skuldari bréfanna né neinn annar blekkur með áritunum ákærða á bréfin, og bréfin veittu ekki ákærða meiri rétt en skuldarinn veitti ákærðu við útgáfu þeirra. Ber því að sýkna ákærða af því að hafa gerst sekur um skjalafals með þeirri háttsemi hans, sem lýst er í ákæru, og þar með ber að sýkna ákærðu bæði af upptökukröfunni.

Við ákvörðun málsvarnarlauna verður tekið tillit til þess, að þrír úrskurðir hafa gengið í málinu, eftir að það kom fyrir dóminn að nýju, fyrst sú krafa ákæruvaldsins, að dómari viki sæti, næst krafa verjanda ákærða, að framhaldsrannsóknargögn frá rannsóknarlögreglu yrðu tekin út úr málinu, og síðast krafa verjanda ákærða, að málinu yrði vísað frá dómnum. Fyrsta krafan var ekki tekin til greina, hinni næstu var hafnað og hin síðasta tekin til greina. Unað var við úrskurð númer tvö, en hinir tveir kærðir til Hæstaréttar, hinn fyrri staðfestur þar, en hinn síðari felldur úr gildi og lagt fyrir dómáranum að taka málið til efnismeðferðar. Í síðasta úrskurði dómsins, sem dæmdur var í Hæstarétti 20. desember sl. sem mál nr. 459/1996, er rakinn rekstur málsins frá upphafi og af úrskurðinum ljóst, að rekstur máls þessa hefur farið mjög aflaga af hálfu ákæruvalds og rannsóknarlögreglu. Ber að víta þessa meðferð harðlega.

Dæma ber samkvæmt 1. tl. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 140.000 krónur í málsvarnarlaun til hvors verjanda ákærðu um sig, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Stefánssonar, verjanda ákærða, og Arnar Clausen, verjanda ákærðu.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins í bæði skiptin.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Jóhann Halldór Þorgeirsson og Jóhanna Lucinda Vilhjálmisdóttir Heiðdal, eru sýknuð af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 140.000 krónur í málsvarnarlaun til hvors verjanda ákærðu um sig, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Stefánssonar, verjanda ákærða, og Arnar Clausen, verjanda ákærðu.
